

Vesturbyggð
Óskar Örn Gunnarsson
Aðalstræti
450 Patreksfjörður

Reykjavík, 16. júní 2022
UST202205-131/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga -Deiliskipulag fyrir Krosseyri í Geirþjófsfirði – Vesturbyggð

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Vesturbyggðar er barst 10. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Krosseyri í Geirþjófsfirði í Vesturbyggð.

Í greinargerð kemur fram í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir sex byggingareitum á svæðinu sem er um 4,2 ha að stærð. Á reit eitt er íbúðarhús sem má stækka svo það verði allt að 200 m², á reit 2 má reisa 200 m² hús, á reit 3 er heimilt að reisa allt að fjögur smáhýsi allt að 20 m² hver, á reit 4 er heimilt að reis tvö allt að 120 m² frístundahús, á reitum 5 og 6 er heimilt að reisa 50 m² bátaskýli.

Ásýnd

Umhverfisstofnun bendir á að ákvæði um liti og efnisval þurfi að vera skýrari í tillögunni. Í grein 6 segir að byggingarefni séu frjáls, en svo fjallað nokkuð ýtarlegra um byggingarefni í grein 7.

Í áhrifamati (grein 15) kemur fram að dregið er úr neikvæðum áhrifum eins og hægt er, með því að setja í skilmála, að mannvirki skuli falla að svipmóti lands og skal lita- og efnisval miða við náttúrulega liti í umhverfinu.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ofangreint komi fram í greinum 6 og 7.

Fráveita

Í greinargerð kemur fram að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp þar sem skv. 9. gr. skal öllu skólpi sem veitt er til sjávar veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraums fjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum.

Umhverfisstofnun bendir á að lagning neðansjávarleiðsla er háð samþykki Umhverfisstofnunar og skal samræmast skipulagi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða, sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri